

# **Spánarferð Fljótsdælinga til skoðunar á vindmyllugörðum í október 2022**

Samantekt og yfirllestur Kristinn Bjarnason og Helgi Gíslason



## Vindorkumál – viljayfirlýsing Fljótsdalshrepps og CIP.

**Efni:** Ferð fulltrúa Fljótsdalshrepps og landeigenda til Zaragoza í Aragonhéraði á Spáni 19.-23. október 2022.

### 1. Inngangur.

Frá því Fljótsdalshreppur og CIP undirrituðu viljayfirlýsingu um að eiga samstarf um að skoða mögulega uppbyggingu og rekstur vindorkuvers í Fljótsdalshreppi hafa fulltrúar sveitarfélagsins í samstarfshópi aðila (sveitarstjóri og lögmaður) átt reglulega fundi með fulltrúum CIP.

Í þeim samskiptum kom fljótlega til tals að gagnlegt væri að heimsækja vindorkugarð eða garða sem CIP hefði þegar reist og væru í rekstri. Varð niðurstaðan sú að efna til ferðar fulltrúa sveitarfélagsins og landeigenda til Aragon héraðs sem er staðsett í norðausturhluta Spánar en í því héraði fer fram umfangsmikil raforkuframleiðsla með vindorku. CIP byggði og rekur vindorkugarð í nágrenni Zaragoza sem er stærsta borg héraðsins, staðsett nokkurn veginn mitt á milli Madrid og Barcelona.

Undirbúningur og skipulagning ferðarinnar hvíldi að mestu á fulltrúum CIP en sveitarstjóri kom að skipulagningu af hálfu sveitarfélagsins og Gísli Örn Guðmundsson af hálfu landeigenda.

Tilgangur ferðarinnar og helstu markmið voru að skoða vindmyllumannvirki og tengd mannvirki, kynna sér hvernig staðið er að undirbúningi og uppbyggingu vindorkuvera, hver reynslan hafi verið af slíkri starfsemi og hvaða áhrif hún hafi haft á landeigendur, sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila í nærumhverfi vindorkuvera.

### 2. Þátttakendur.

Fulltrúar Fljótsdalshrepps í ferðinni voru Helgi Gíslason sveitarstjóri og Kristinn Bjarnason lögmaður auk Anton Fernandez, sem sá um túlkun.

Þeir landeigendur sem fóru í ferðina voru Jóhann Þorvarður Ingimarsson á Eyrarlandi og sonur hans Arnar Óli, Bjarki Jónsson á Víðivöllum Ytri II, Þorsteinn Pétursson Víðivallagerði, Jóhann F. Þórhallsson í Brekkugerði, Sveinn Ingimarsson á Sturluflöt, Þórarinn Þórhallsson og Gísli Örn Guðmundsson á Þorgerðarstöðum auk Jóns Jónssonar lögmanns landeigenda.

Af hálfu CIP tóku þátt Anna – Lena Jeppsson verkefnisstjóri og Rósant Torfason ráðgjafi auk Alejandro innlends stöðvarstjóra Monegros, vindorkugarðs CIP á Zaragozasvæðinu.

### 3. Dagskrá og ferðasaga.

Hópurinn flaug til Madrid með Play síðdegis miðvikudaginn 19. október og lenti þar síðla kvölds. Gist var á hóteli í nágrenni aðallestarstöðvar Madrid og var farið með hraðlest þaðan til Zaragoza að morgni 20. október. Komið var til Zaragoza um hálfþólfleytið og tóku fulltrúar CIP á móti hópnum þar. Hófst þá skipulögð dagskrá ferðarinnar með því að farið var með rútu til vindorkuvers þar sem vindmylla um 150 metra há var skoðuð í návígi og horft yfir svæðið sem hefur að geyma vindmyllur í hundraðatali.



Mynd 1. Af vindmyllugarði tekin af Helga Gíslasyni.

Næst var farið til fundar í Mallén sem er lítið sveitarfélagið á spænskan mælikvarða þar sem fram fer umfangsmikill rekstur vindorkuvera. Var komið þar um kl. 12:30 og tók Rubén Marco sveitarstjóri á móti hópnum og bauð honum til fundar í ráðhúsi sveitarfélagsins. Auk sveitarstjórans var þar einnig einn landeigandi í sveitarfélaginu sem leigt hafði land sitt undir vindmyllur og Alejandro stöðvarstjóri Monegros sem tóku þátt í umræðum og svöruðu spurningum. Fundurinn fór fram á spænsku og íslensku og túlkaði Anton á milli tungumála.

Fundurinn hófst með því að Rubén Marco sveitarstjóri bauð gesti velkomna og kynnti sveitarfélag sitt stuttlega.



Mynd 2. Sveitarstjórnir. Mynd tekin af Kristni Bjarnasyni.

Að því loknu þakkaði Helgi sveitarstjóri fyrir móttökurnar og lýsti því að mikilvægt væri fyrir Fljótsdalshrepp og landeigendur þar að fá tækifæri til að kynna sér aðstæður og viðhorf til uppbyggingar og reksturs vindorkuvera þar sem reynsla af slíku væri fyrir hendi. Greindi hann frá því að á Íslandi væri uppbygging raforkuframleiðslu með vindmyllum á frumstigi og mikilvægt væri að læra af reynslu annarra.

Að loknum stuttum ræðum umræddra sveitarstjórar hófust umræður og fyrirspurnir sem verður gerð grein fyrir í næsta kafla.

Fundi í ráðhúsi Mallén lauk um tvöleytið og var þá haldið til hádegisverðar í spænskum stíl á veitingastað sem ber heitið Restaurant Pinocho (Gosi). Það má með sanni segja að við höfum fengið að kynnast fjölbreyttum og góðum spænskum mat, m.a. lambakjöti enda

urðu réttirnar það margir að menn eru ekki sammála um fjölda þeirra. Umræðum var haldið áfram undir borðum eins og vera ber m.a. á milli sveitarstjóranna sem nutu áfram aðstoðar Antons.

Hádegisverði lauk svo með því að Helgi þakkaði Rubén fyrir góðar móttökur og Jóhann færði honum að skilnaði gjöf sem hafði að geyma Aðventu eftir Gunnar Gunnarsson þýdda á spænsku, einnig bók er nefnist í Ríki Vatnajökuls og gjafaöskju af sultum úr Fljótsdalnum.

Að loknum hádegisverði var farið að vindorkuveri CIP þar sem vindmyllur voru skoðaðar og umhverfi þeirra. Alejandro stöðvarstjóri kynnti nánar hvernig uppbygging og rekstur vindorkuvera hefði farið fram á svæðinu og svaraði spurningum. Fór hann yfir hvernig rafmagnsframleiðslan færi fram og með hvaða hætti rafmagninu væri komið í almennta dreifingu. Fram kom að vindmyllur í vindmyllugörðum séu tengdar saman með jarðstrengjum sem liggi almennt á tveggja metra dýpi en í þeim garði sem var skoðaður væri dýpið um 1,2 metrar þar sem þá var komið niður á klöpp. Vindmyllunum og framleiðslunni sé stýrt með einni miðlægri stjórnstöð en einnig sé hægt að láta hverja vindmyllu starfa sjálfstætt. Fram kom að athafnasvæði hvernar vindmyllu væri almennt um þúsund fermetrar og umfangsmikil jarðvegsskipti þurfi að fara fram á því svæði. Reynt sé svo að rækta svæðin upp en það hafi reynst nokkuð erfitt undanfarin ár þar sem veðurfar hafi verið þurrara og heitara en áður. Farið var yfir það að vegir að vindmyllum þyrftu að þola þungaflutninga og vera tæpir níu metrar á breidd. Í einstaka tilvikum þurfi að flytja svo þung tæki á staðinn vegna viðhalds að sækja þurfi um sérstök leyfi vegna þess. Að kynningu og umræðum loknum þakkaði Jóhann oddviti stöðvarstjóranum fyrir góðar móttökur og upplýsingagjöf. Færði honum að skilnaði gjöf sem hafði að geyma það sama og sveitarstjóra Mallén hafði verið afhent.

Það var loks komið á hótél í Zaragoza upp úr kl. 20:00 og lauk svo hinni formlegri dagskrá með því að CIP bauð hópnum til kvöldverðar á veitingastað sem ber heitið Terraza Libertad sem er við göngugötu í elsta hluta Zaragoza. Var þar borinn fram tapas að spænskum sið, frábær matur og vel útlátinn. Langur og viðburðaríkur dagur var að baki þannig að það varð ekkert frekara „útstælsi“.

Hópurinn varði svo föstudeginum í að skoða Zaragoza sem er afar falleg borg þar sem ágæt velsæld virðist ríkja.

Farið var aftur til Madrid um hádegi á laugardeginum og hafði þá hluti hópsins séð tækifæri til að gera nokkuð sem líklega stendur einungis til boða á Spáni þ.e. að fara á nautaat sem halda átti í bæ nokkrum skammt fyrir utan Madrid. Mættu menn þar galvaskir á tilsettum tíma en því miður varð að aflýsa atinu sökum rigningar. Það er þó huggun harmi gegn að bæði nautið og nautabaninn lifa enn!

Fram að brottför á sunnudagskvöld notuðu menn tækifærið og skoðuðu sig um í Madrid.

Heim var komið aðfararnótt mánudags 24. október eftir vel heppnaða og skemmtilega ferð.

#### **4. Samantekt um umræður á fundi í ráðhúsi Mallén.**

Fyrst skal þess getið að fyrir lá áður en umræður hófust um að þeir spænsku aðilar sem sátu fundinn gætu mögulega ekki svarað öllum spurningum vegna trúnaðarákvæða í samningum sem taka þyrfti tillit til. Í samantekt þessari verður fyrst og fremst vikið að þáttum sem fram komu sem varða aðkomu og hagsmuni sveitarfélags með beinum hætti.

Eins og áður greinir kynnti Rubén Marco sveitarfélagið Mallén í upphafi fundar. Kom þar m.a. fram að íbúar þess væru milli þrjú og fjögur þúsund og fyrir um 20 árum hafi hafist þar uppbygging vindorkuvera en auk slíkrar starfsemi sé stundaður þar ýmis konar landbúnaður.

- **Skipulags- og leyfismál.**

Innt var eftir því hvernig staðið væri að ákvörðunum um uppbyggingu vindorkuvera á Spáni þ.á.m. hvert væri hlutverk spænska ríkisins, fylkja (héraða) og sveitarfélaga.

Fram kom að almenn stefnumótun um nýtingu vindorku til raforkuframleiðslu sé hjá spænska ríkinu í forni löggjafar en fylkjunum sé falið að útfæra fjölda og fyrirkomulag vindorkuvera. Í þessu tilviki fari því meginstefnumótun fram hjá Aragon héraði. Aðkoma einstakra sveitarfélaga fælist svo í að veita byggingarleyfi vegna framkvæmda við vindmyllur eftir að þau fyrirtæki sem hafa hug á að reisa vindmyllur hafa náð samningi við landeigendur um afnot af landi þeirra til þeirra nota.

Fram kom að heildarferlið frá því náðst hefði samkomulag við landeigendur um notkun lands til að reisa og starfrækja vindmyllur þar til þær tækju til starfa væru um tvö ár og þar af tæki umhverfismat um eitt ár. Fram kom að ýmsir umhverfispættir væru vaktaðir á starfstíma svo sem fuglalíf og reynt væri með ýmsum aðferðum að draga úr hættu á því að fuglar færu í spaðanna, m.a. með því að mála hluta þeirra í litum (rauðum og svörtum).

Einnig kom fram að enginn landeigandi væri neyddur til að vera með, en eftir því sem mátti skilja, væri þátttaka almenn og ekki mikill ágreiningur um þessa uppbyggingu. Vindmyllur þurfa að lágmarki að vera í 500 metra fjarlægð frá íbúðarhúsum og ætti þá að vera tryggt að ekki gæti orðið hljóðmengun frá vindmyllunum sem truflað gæti íbúa.

Af hálfu landeigandans sem sat fundinn kom fram að hann væri með búskap á því svæði sem hann hefði leigt undir vindmyllur og væri sú sem næst væri í um 25 metra fjarlægð frá kjúklingahúsi hans. Hann kvað þessa nálægð ekki hafa haft neinar neikvæðar afleiðingar fyrir rekstur sinn.



Mynd 3. Fundargestir í ráðhúsinu. Mynd tekin af Anna-Lena Jeppsson.

- **Tekjur nærsamfélags af uppbyggingu og rekstri vindorkuvera.**

Vegna trúnaðarákvæða var ekki unnt að fá tæmandi upplýsingar um greiðslur eigenda og rekstraraðila vindorkuvera til þeirra aðila sem þeir leigja land af til þeirrar starfsemi. Þó kom fram að fyrir meðalstóra vindmyllu gæti greiðsla fyrir hverja þeirra legið í kringum að jafnvirði tæp ein milljón króna á ári. Fram kom fjárhæð greiðslu fyrir hverja vindmyllu réðist af stærð og framleiðslugetu hvernar vindmyllu og mátti skilja sem svo að hver landeigandi fengi greiðslur fyrir þær vindmyllur sem væru á hans landi.

Fram kom að á byggingartíma fengi sveitarfélagið 3-4% af byggingarkostnaði í tekjur en það er ekki alveg ljóst miðað við svörin hvaða tekjur sveitarfélög hafa eftir að starfsemi vindorkuvers hefst. Þegar spurt var út í fasteignagjöld eða eitthvað sambærilegt mátti skilja sem svo að sveitarfélagið fengi eitthvert hlutfall miðað við það sem framleitt væri en ekki miðað við verðmat eigna. Þetta þarf þó að kanna nánar og fengum við tölvupóstfang hjá Rubén Marco þar sem við getum sent honum nánari fyrirspurnir eða beiðnir um upplýsingar. Aðspurður sagði hann að tekjur sveitarfélagsins hefðu aukist um 8-10% við uppbyggingu vindorkuvera innan þess en fólksfjölgun hefði verið lítil þar sem starfsmenn og þjónustuaðilar byggju í stærri borgunum í kring. Þess má geta að í viðræðum undir hádegisverðinum kom fram það viðhorf hjá honum að til væri betra fyrirkomulag fyrir sveitarfélög varðandi tekjur af vindorkuverum en eru á Spáni og benti sérstaklega á Austurríki í því sambandi.

Af svörum og umræðum að dæma er ekki um neinn auðlinda- eða orkuskatt að ræða á Spáni vegna hagnýtingar vindorku hvorki til spænska ríkisins, fylkjanna (héraðanna) né sveitarfélaga.

Skilja mátti að skattar og tekjur til spænska ríkisins séu með sama hætti og af annarri atvinnustarfsemi þ.e. virðisaukaskattur og skattur af hagnaði.

Almennt má segja að skilja mátti stöðuna þannig að á Spáni sé litið á uppbyggingu og starfrækslu vindorkuvera eins og hverja aðra atvinnustarfsemi en fram kom að slík starfsemi sé þar almennt rekin af einkaaðilum en ekki af opinberum aðilum.

### **Lokaorð**

Helsta markmið ferðarinnar var að sjá vindmyllugarð í rekstri, sjá og heyra í vindmyllum, á þann hátt að þátttakendur yrðu betur í stakk búnir til að leggja faglegt mat á hugsanlega uppbyggingu vindmyllugarða í Fljótsdal. Þau markmið náðust. Jafnframt var ferðin skemmtileg og þjappaði ferðafélögum saman. Þátttakendum og skipuleggjendum er þakkað vel fyrir.

## 5. Viðauki

### Program for the windfarm visit to Zaragoza 20 October 2022

#### 19 Oct:

15:00-21:20 Flight Reykjavik-Madrid Play airline 15:00-22:20 **OG664**

Transport from airport to **Hotel Radisson Red Madrid SLU Atocha 123, 28012, Madrid.**

#### 20 Oct:

10:05–11:20 Train from Madrid-Puerta de Atocha to Zaragoza- Delicias

- Please exit the Zaragoza-Delicias train station through the 1<sup>st</sup> FLOOR (NOT the basement) take the escalators upstairs. You should go up to Arrivals, to the exit where it says “Calle José Pedro Perez Llorca” (name of the street). The bus stop is in front of the entrance. Anna-Lena will meet you at the 1<sup>st</sup> floor exit and take you to the bus. The bus has a CIP-sign in the window.
- Alejandro joins us in the bus at the train station in Zaragoza
- Telephone numbers
  - o Anna-Lena +45 6151 1128
  - o Helgi +354 864 42 28
  - o Rósant +354 692 7227

11:30-12:30

Chartered bus leaving the train station going to Mallén, with a short stop at a wind farm, which we are passing by. We will have the same bus during the whole day, so the luggage can be left onboard until check-in at the hotel in the evening.

12:30-14:00 Meeting at Mallén municipality, arranged by CIP

- Meeting and discussion with the mayor (please feel free to suggest topics to discuss with the mayor – we can decide what topics we think are most interesting to focus on)
- Meetings and talks with landowners (please feel free to suggest topics to discuss with the landowners – we can decide what topics we think are most interesting to focus on. Just remember that specific lease agreement conditions are confidential, but they are probably happy to speak about any other topics regarding wind farm development, construction and operations seen from a landowner’s perspective)

14:00 We walk to RESTAURANTE PINOCHO, Calle Tudela, 4, 50550 Mallén, Zaragoza, arranged by CIP (booked in Alejandro’s name)

14:00-15:30 Local Spanish lunch together with mayor and landowners, arranged by CIP (please notify Helgi about any allergies)

15:30 – 16:30 The bus takes us to Portillo II wind farms

16:30 – 18.00 Site visit, arranged by CIP

- Short introduction presentation of the wind farm, in tent at site
- Walk around wind farms (please wear comfortable clothes and shoes for walking – the ground is flat, and most roads are wide but not paved (gravel), comfortable sport shoes are recommended)

18:00-18.30 The chartered bus takes us to the hotel in Zaragoza

18:30 – 21:00 Check in at hotel Exe Zaragoza WTC, Calle María Zambrano 31, Zaragoza ES, and free time (hotel booked via VITA Travel Agency, c/of Soffia)

21:00 – Dinner in Zaragoza at TERRAZA LIBERTAD, Calle de la Libertad, 6, 8, 50003 Zaragoza (booked in Anna-Lena's name) (please notify Helgi about any allergies). Transport to and from restaurant, arranged by landowners (walking ca 30 min or taxi ca 10 min)

**20-22 Oct.** Hotel in Zaragoza two nights (<https://www.eurostarshotels.co.uk/exe-zaragoza-wtc.html>), arranged by CIP via VITA travel agency, to be paid by landowners to MAR (Bank account: 0537-26-48081, Kennitala (company number): 480817-0870)

**21. Oct Free time**

**22. Oct**

12:06-13:25 Train from Zaragoza-Delicias to Madrid-Puerta de Atocha.

Hotel in Madrid **Hotel Radisson Red Madrid SLU Atocha 123, 28012, Madrid, Spain**

**23 Oct**

**18:00** Transport to airport

22:20-00:50 Flight Madrid – Reykjavík, Play **OG665**.

---

**Interpreter** Spanish/Icelandic: Anton Fernandez

Kristinn and Anton travel together with their spouses. They will not accompany us back to Iceland.

18.10.2022